



Barnaheill

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. mars 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999 (umsagnir nánustu fjölskyldu). (Þingskjal 198 — 128. mál.)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri



Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999 (umsagnir nánustu fjölskyldu)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það.

Samtökin styðja efni frumvarpsins og hvetja til þess að það verði samþykkt sem lög. Barnaheill telja þessa breytingu eðlilega og að það hljóti að vera barni fyrir bestu að leita umsagnar nánustu fjölskyldu barns sem misst hefur annað eða bæði foreldri sín áður en ákvörðun um ættleiðingu er tekin. Með því er réttur barnsins til að viðhalda tengslum við blóðfjölskyldu sína verndaður að einhverju marki.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum allra barna án mismununar og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.



Reykjavíkurborg

Barnavernd Reykjavíkur

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2018.

Umsögn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum (umsagnir nánustu fjölskyldu). Þingskjal 198 - 128. mál.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur vill með umsögn þessari koma á framfæri afstöðu sinni til frumvarps til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar nr. 130/1999. Í frumvarpinu er mælt fyrir um aðkomu nánustu fjölskyldu látins foreldris eða foreldra, séu foreldrar báðir látnir, áður en afstaða er tekin til ættleiðingar.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur tekur undir að þegar um stjúpættleiðingar er að ræða geti verið mikilvægt að afla afstöðu nánustu fjölskyldu látins foreldris þar sem líkur eru á að mikil tengsl séu á milli barnsins og fjölskyldu kynforeldris sem barnið býr ekki hjá. Það er þó mat nefndarinnar að í ákvæðinu þurfi að koma fram með skýrum hætti hvort afla eigi afstöðu allra aðila sem tilgreindir eru í frumvarpinu og hvaða vægi umsagnir viðkomandi eiga að hafa. Einnig þarf að gera ráð fyrir því að sá möguleiki komi upp að ekki sé unnt að afla afstöðu allra sem taldir eru tilheyrta nánustu fjölskyldu barnsins. Auk þessa þarf einnig að taka tillit til þess að aðilum innan nánustu fjölskyldu barns getur greint á um það hvort ættleiðing sé barninu fyrir bestu.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur telur mikilvægt að gerður sé greinarmunur á því hvort um er að ræða ættleiðingu fósturbarna annars vegar eða frumættleiðingu og stjúpættleiðingu hinsvegar. Þegar um fósturbörn er að ræða kemur beiðni um ættleiðingu í kjölfar þess að barnaverndarnefnd hefur tekið við forsjá barns og vistað barnið, fyrst í tímabundnu fóstri og síðar í varanlegu fóstri, á vegum barnaverndarnefndar. Forsjá barna flyst til barnaverndarnefnda ýmist með þeim hætti að foreldrar afsala sér forsjá skv. a lið 25.1. mgr. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, eða forsjáraðilar eru sviptir forsjá barns síns með dómi sbr. 29. gr. barnaverndarlaga. Barn fer þá á heimili fósturforeldra í varanlegt fóstur þar til það verður sjálfráða. Skv. 4. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 804/2004 um fóstur er markmiðið með ráðstöfun í varanlegt fóstur að tryggja fósturbarni viðeigandi uppeldisaðstæður og gefa því tækifæri á að mynda varanleg tengsl við fósturforeldra sína.

Börn sem vistuð eru í varanlegu fóstri geta verið vistuð hjá ættingjum sínum og því getur hæglega komið upp sú staða að aðrir ættingjar leggist gegn því að barnið verði ættleitt til viðkomandi fósturfjölskyldu vegna ósættis innan fjölskyldunnar. Þá er einnig sá möguleiki fyrir hendi að ættingjar barnanna hafi óskað eftir því að fá að vista börnin en barnaverndarnefnd metið umrædda ættingja vanhæfa. Það gefur því auga leið að eigi að afla umsagnar nánustu fjölskyldu barns í slíkum tilfellum verði umsögnin alltaf á þá leið að viðkomandi mælir ekki með því að barnið verði ættleitt. Að mati Barnaverndarnefndar Reykjavíkur er ákveðin hættu á að upp blossi deilur og átök milli aðila sem óhjákvæmilegt er að barnið verði vart við.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur vekur athygli því að starfsmenn barnaverndarnefnda þekkja í öllum tilfellum málefni fósturbarna mjög vel og eru því vel í stakk búnir til að meta hvað er börnunum fyrir bestu. Í 19 ár, allt frá því að lög um ættleiðingu nr. 130/1999 tóku gildi, hefur barnaverndarnefndum verið gert að taka afstöðu til þess hvort nefndirnar samþykki umsókn fósturforeldra um ættleiðingu barna sem nefndirnar hafa forsjá yfir, sbr. 3. mgr. 7. gr. laganna. Hafa starfsmenn nefndanna og barnaverndarnefndir því lagt mat á það hvort hagsmunum fósturbarna sé best borgið með ættleiðingu í bráðum tvo áratugi. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur á þessum langa tíma aldrei mælt með ættleiðingu barns nema að vel ígrunduðu máli. Að baki jákvæðri umsögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur um ættleiðingu liggur mikil vinna sem meðal annars er fólgin í heimsóknum á fósturheimili og samtölum fagaðila við barnið og fósturforeldra. Meðal þeirra upplýsinga sem áhrif hafa á niðurstöðu nefndarinnar er afstaða fósturforeldra til þess hvort barnið fái að þekkja uppruna sinn, og lögd er áhersla á að börnin hafi vitneskju um það hver þau eru á sama tíma og gætt er að því að börnin aðlagist fósturheimilinu til fulls.

Þá er ástæða til að benda á að upp hafa komið mörg tilfelli þar sem starfsmenn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafa orðið þess áskynja að fósturbörn upplifa reglubundnar heimsóknir starfsmanna oft og tíðum á þann hátt að þau tilheyri fjölskyldunni ekki fullkomlega. Það er sérstaklega áberandi í þeim tilfellum þar sem önnur börn eru á heimilum fósturforeldra, sem ekki eru fósturbörn, en þá geta reglubundnar heimsóknir starfsmanna barnaverndarnefnda valdið vanlíðan hjá fósturbörnum þar sem hin börnin fá ekki sambærilegar heimóknir.

Að mati starfsmanna barnaverndarnefndar Reykjavíkur er afar mikilvægt að horfa til þess að fósturbörn öðlast ekki erfðarétt til fósturforeldra sinna. Í þeim tilfellum þar sem önnur börn eru á heimili fósturforeldra verður því staða barnanna ekki jöfn, hvað erfðarétt varðar, við andlát fósturforeldris.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur bendir á að í frumvarpinu er hvergi vikið að því hvort, og þá hvernig, bregðast skuli við ef ekki reynist unnt að afla afstöðu nánustu fjölskyldu barns. Í 11. gr. gildandi laga er kveðið á um leita skuli umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá“ *ef unnt er*“, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumsóknar. Í frumvarpinu er orðalagið hinsvegar: „*skal þá leita umsagnar*“ og því ekki gert ráð fyrir þeim möguleika að afstöðu nánustu ættingja barnanna verði ekki aflað. Reynsla starfsmanna barnaverndarnefndar Reykjavíkur hefur sýnt að á stundum getur reynst ómögulegt að afla

afstöðu ættingja barns. Í sumum tilfellum er jafnvel ekki vitað hverjir kynforeldrar barnsins eru. Skal tekið fram að ávallt er reynt hafa uppi á kynforeldrum og eru uppi dæmi um það hjá Barnavernd Reykjavíkur að starfsmenn nefndarinnar hafi ferðast landa á milli í þeim tilgangi að hafa uppi á kynforeldri barns.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur telur eðlilegt að fósturvistun verði afmarkaður ákveðinn tími áður en hægt er að sækja um ættleiðingu og sjá starfsmenn nefndarinnar fyrir sér að tvö ár séu hæfilegur tími til að unnt sé að segja til um það hvort hagsmunum barnsins sé best borgið með þeim hætti að barnið verði ættleitt. Að þeim tíma loknum yrði leitað eftir samþykki barnaverndarnefnda og afstöðu kynforeldra aflað. Takist ekki að hafa uppi á kynforeldrum innan ákveðins tíma yrði að líta svo á að ekki sé unnt að afla afstöðu viðkomandi og umsögn barnaverndarnefnda yrði því að standa ein og sér.

Að mati Barnaverndarnefndar Reykjavíkur er, líkt og áður kom fram, mikilvægt að horfa til þess að aðstæður við ættleiðingu fósturbarna eru á margan hátt afar ólíkar því sem við á þegar um er að ræða ættleiðingu stjúbarna eða þegar frumættleiðing fer fram. Fósturbörn hafa í flestum tilfellum verið tekin úr umsjá foreldra sinna fyrir tilstuðlan barnaverndaryfirvalda. Þá hafa dómstólar lang oftast einnig lagt mat á það að hagsmunum barnanna sé best borgið í umsjá annarra en kynforeldra sinna. Mörg barnanna hafa upplifað erfiðleika og mikið umrót í lífi sínu og telur Barnaverndarnefnd Reykjavíkur að stuðla eigi að sem mestum stöðugleika í lífi þessara barna. Það er mat nefndarinnar að ef frumvarpið verði að lögum geti það orðið til þess að barn sem vistað er í varanlegu fóstri búi við óvissu um framtíð sína og stöðu innan fósturfjölskyldu sinnar vegna þess að óhæfilegur dráttur verður á því að afla afstöðu kynforeldra sem ómögulegt reynist að hafa upp á. Óvissan verður að mati nefndarinnar enn meiri ef einnig á að afla afstöðu nánustu ættingja barnsins.

Er af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur talið farsælt að lögin geri ráð fyrir því að ættingjar og aðrir nákomnir barni sem ættleitt hefur verið af fósturforeldrum geti sótt um umgengni við barnið. Barnaverndarnefnd eða sýslumaður hafi þá úrskurðarvald um það hvort umgengni við nánustu fjölskyldu og þeirra sem teljast nákomnir barninu sé barninu fyrir bestu.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur,



Kolbrún Þorkelsdóttir,

lögfræðingur



Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir,

framkvæmdastjóri

Bréf

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. mars 2018
2018010037

Efni: Umsögn - frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum (umsagnir nánustu fjölskyldu) - 128. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum (umsagnir nánustu fjölskyldu), 128. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 13. febrúar 2018, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum (umsagnir nánustu fjölskyldu), 128. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Leyfi til ættleiðingar er eðli málsins samkvæmt stór ákvörðun þar sem um er að ræða varanlega breytingu á réttarstöðu barns lagalegum tengslum við aðra einstaklinga, bæði kjörfjölskyldu og blóðfjölskyldu. Barnaverndarstofa telur því að vert sé að skoða hvaða einstaklingar eigi að hafa aðkomu að slíkum málum og hvaða upplýsinga eigi að afla áður en slíkar ákvarðanir eru teknar. Barnaverndarstofa telur þó að frumvarpið, eins og það er orðað, sé ef til vill ekki nægilega skýrt varðandi það frá hvaða aðilum afla á umsagna frá og hverjir geti verið „aðrir sem talist geta til nánustu ættingja og aðstandenda“. Telur Barnaverndarstofa mikilvægt að slík ákvæði séu eins skýr og hægt er hvað það varðar.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir

7.3.2018

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum (umsagnir nánustu fjölskyldu).

148. löggjafarþing 2017-2018
Þskj. 198 - 128. mál.

Umsögn:

Gildandi ákvæði laga um ættleiðingar gera það mögulegt að barn sé ættleitt frá upprunafjölskyldu sinni án þess að fjölskyldan hins látna foreldris hafi nokkuð um það að segja og jafnvel fái enga vitneskju þar um. Þetta getur gerst þegar foreldri, annað eða bæði, eru látin, þegar sótt er um ættleiðingu á barninu. Þess eru dæmi að börn hafi verið ættleidd frá upprunafjölskyldu án vitneskju hennar.

Með 8. gr. Barnasáttmálans skuldbinda aðildarríki sig til þess m.a. að virða rétt barns til fjölskyldutengsla. Gildandi ákvæði laga um ættleiðingar virða ekki þennan rétt barnsins.

Með fyrirbyggjandi lagafrumvarpi er úr þessu bætt og lagt til að leita þurfi umsagnar fjölskyldu látins foreldris og beggja ef bæði eru látin.

Í frumvarpinu felst því mikilvæg réttarbót fyrir börn sem misst hafa foreldri sitt. Með þeim breytingum sem í frumvarpinu felast verður til tryggt að börn verða ekki ættleidd frá fjölskyldu látins foreldris nema umsagnar sé fyrst leitað.

Raunar er það skoðun mín að ganga þurfi lengra en fyrirbyggjandi frumvarp gerir og tryggja að ættleiðingar barna undir lögaldri undir þessum kringumstæðum séu ekki mögulegar nema sérstaklega standi á. Til að tryggja það þarf að bæta nýrri viðbótarmálgrein við 11. gr., á eftir þeirri sem lögð er til í frumvarpinu, sem yrði svohljóðandi:

Sé í umsögnum samkvæmt 1. eða 2. mgr. lagst gegn ættleiðingu og fyrir því færðar málefnalegar ástæður skal ekki ættleiða barnið, nema sérstaklega standi á.

Verði eftir því óskað er ég að sjálfsgöðu tilbúin til að koma á fund allsherjarnefndar til að ræða þetta mál frekar.

Með virðingu,
Dögg Pálsdóttir hrl.



Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingi

Reykjavík, 1. mars 2018

Umsögn frá **Félagi fósturforeldra** um frumvarp til laga, þingskjal 198 – 128. mál á 148. löggjafarþingi 2017-2018 um breytingu á lögum um ættleiðingar nr. 130/1999.

Almennt álit

Félag fósturforeldra leggst gegn þessu frumvarpi og hefði viljað að leitað hefði verið fyrr eftir aðild okkar þar sem hefði farið fram málefnaleg umræða við alla hagsmunaaðila svo sem fulltrúa barnavernda og annarra sem málið varðar þar með talið félag fósturforeldra.

Það er ljóst að á undanförunum fjórum árum virðist vera stöpp á ættleiðingum á fósturbörnum og Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu virðist hafa hafnað slíkum beiðnum fósturforeldra þó rannsóknir hafa sýnt fram á að ættleiddum börnum virðast vegna betur í lífinu en fósturbörnum.

Félag fósturforeldra óskar eftir heildstæðri endurskoðun á þessum málaflokk þar sem hagsmunir fósturbarna eru teknar að fullu til greina og við bjóðum fram þátttöku okkar í slíkri vinnu ásamt öðrum hagsmunaaðilum.

Fyrir hönd félagsins,
Stjórn Félags fósturforeldra

Félag fósturforeldra
kt. 550393-2049
fostur@outlook.com
www.fostur.is

FÉLAGSÞJÓNUSTA
RANGÁRVALLA- OG VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella - s. 487-8125

Hella, 2.03.2018

Frumvarp til laga um ættleiðingar nr. 130/1999 (128. mál)

Umsögn félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellsýslu

Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellsýslu fagnar endurskoðun á lögum um ættleiðingar og að verið sé að vinna að sterkari réttarstöðu barna á Íslandi.

Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir kemur fram að „markmið þess sé að tryggja að ekki sé unnt að rjúfa varanlega tengsl barns við fjölskyldu látins foreldris eða foreldra, séu báðir látnir án nokkurrar aðkomu nánustu ættingja þess foreldris eða þeirra foreldra.“ Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að gera skýran greinarmun á því þegar ættleiðing kemur til vegna andláts foreldris/foreldra eða ef um er að ræða ættleiðingu fósturbarns með aðkomu barnaverndaryfirvalda.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að ættleiddum börnum virðist vegna betur í lífinu en fósturbörnum. Sjálfsmýnd barns sem er fósturbarn og staða þess innan fjölskyldu getur verið viðkæmari en hjá barni sem er ættleitt. Barn sem er kjörbarn veit hverjum það tilheyrir, það veit það er í öruggri höfn og það veit líka að það tilheyrir fjölskyldu eftir að það nær 18 ára aldri. Börn í fóstri kvíða oft óvissuni þegar kemur að 18 ára afmælisdeginum, því það eru tímamótin þar sem barnavernd segir afskiptum lokið að öllu jöfnu. Það er mat nefndarinnar að varhugavert er að gera ættleiðingarferli fósturbarna torveldara en það er nú þegar.

Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellsýslu vill þannig sérstaklega koma því á framfæri að taka beri ættleiðingarferli fósturbarna sérstaklega fyrir.

f.h félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellsýslu
Helga Lind Pálsdóttir, félagsráðgjafi MA
Starfandi félagsmálastjóri.

Reykjavík, 8. mars 2018.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvið@althingi.is

Umsögn Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd, RBF, við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 með síðari breytingum (umsagnir nánustu fjölskyldu), 148. löggjafarþing 2017-2018, þingskjal 198-128.mál.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd fagnar frumvarpinu og styður þær breytingar sem það felur í sér. Vert er þó að hnykkja á nokkrum atriðum sem varða velferð og vellíðan barna undir lögaldri:

Það er mikil réttarbót, bæði fyrir börn og nána aðstandendur þeirra, að ekki séu gerðar jafn afdrifaríkar breytingar og ættleiðing barns undir lögaldri felur í sér, nema tryggð sé sátt og samþykki nánustu aðstandenda barnsins *beggja vegna*. Það er því umbótaskref að í lagafrumvarpinu er nú lagt til að leita þurfi umsagnar fjölskyldu látins foreldris og beggja ef bæði eru látin. Þetta er sérstaklega mikilvægt með tilliti til þess hve ung börn eru áhrifalítill um hagi sína og lenda auðveldlega í klemmu milli fjölskylda ef þar eru andstæð sjónarmið. Komi fram bein andstaða við ættleiðingu er ástæða til að huga að því í fyrirhuguðu frumvarpi að leyfa alls ekki ættleiðingu barns undir lögaldri við slíkar aðstæður nema sérstök rök liggi þar til grundvallar.

Samkvæmt nýjustu þekkingu um áföll og missi í fjölskyldum er það bæði siðferðilega, tilfinninga- og uppeldislega mikilvægt fyrir barn að tryggt sé að tengsl þess og samskipti við fjölskyldu látins foreldris séu órofin. Þessi hugsum er staðfest í 8. gr. Barnasáttmálans um að virða rétt barnsins til uppruna síns og fjölskyldutengsla. Ennfremur vísa nýjustu rannsóknir, bæði íslenskar og erlendar, um gildi *órofinna tengsla* barns við uppruna sinn (e., continuing bonds) til mikilvægis þess að barn geti ræktað tengsl við eftirlifandi nána aðstandendur látins foreldris. Það sé frágangssök að barn sé á nokkurn hátt þvingað til að skera á minningar, tilfinningabönd eða fjölskyldusamskipti eftir andlát foreldris. Auk rannsókna hefur reynsla af meðferðarstarfi sýnt að tilfinningalegu jafnvægi og framtíðar heilsu barns er ógnað þurfi það að glíma við eigin innri ósátt og togstreitu í fjölskyldum sínum kringum dauðsfall eða skilnað foreldra, forsjármál og ættleiðingu.

Með vinsemd og virðingu,

f. h. Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd,

Sigrún Júlíusdóttir, prófessor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi, 1. mars 2018.

Umsögn frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu um frumvarp til laga um breytingu á [lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum](#) (umsagnir nánustu fjölskyldu), 148. löggjafarþing 2017–2018, þingskjal 198 — 128. mál.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu styður þær breytingar sem með frumvarpinu eru ráðgerðar á ættleiðingarlögum. Jafnframt eru færðar fram neðangreindar athugasemdir:

Breytingu á 7. gr. sýnist vera ofaukið og því mælt með að henni verði sleppt. Breytingin sem ráðgerð er í 2. mgr. 11. gr. mun taka til allra tilvika þegar foreldri er látið, einnig þeirra tilvika þar sem barn er í fóstri hjá umsækjendum. Í 7. gr. er fjallað um *samþykki* fyrir ættleiðingu, en í 11. gr. er fjallað um *umsögn vegna ættleiðingar*. Munur er á *samþykki* og *umsögn* og ráðgerð breyting á 7. gr. því ekki í samhengi við fyrirsögn og annað efni greinarinnar.

Í 1. mgr. 11. gr. er fjallar um umsögn forsjárlaus foreldris, er fyrirvari um að umsagnar forsjáforeldris eigi að afla *ef unnt er*. Sá fyrirvari ætti einnig að eiga við um umsagnir skv. 2. mgr. og rétt að gæta samræmis þarna á milli.

Markmið frumvarpsins er að tryggja að ekki sé unnt að rjúfa varanleg lagaleg tengsl barns við fjölskyldu látins foreldris eða foreldra, án aðkomu nánustu fjölskyldu látins foreldris. Sýnast sömu rök eiga við þegar atvik eru eins og lýst er í 2. mgr. 7. gr., þ.e. forsjáforeldri er ófært um að veita marktækt samþykki eða er horfið. Sama á við þegar ekki er unnt að leita umsagnar forsjárlaus foreldris skv. 1. mgr. 11. gr. Er lagt til að breytingarnar nái einnig til þessara tilvika.

Í frumvarpinu, eða greinargerð, er ekki að finna vísbendingu um vilja löggjafans hvað varðar áhrif þess að nánasta fjölskylda reynist andvíg fyrirhugaðri ættleiðingu. Til samanburðar þá er tekið fram í greinargerð með 11. gr. ættleiðingarlaga að sjaldgæft sé að fallist sé á ættleiðingu barns yngra en 18 ára, án samþykkis forsjárlaus foreldris. Lagafyrirmæli um öflun umsagnar nánustu fjölskyldu hljóta að fela í sér að efni þeirra umsagna sem aflað er hafi einhver áhrif á niðurstöðu ættleiðingarmáls, annars gæti ákvæðið gefið nánustu fjölskyldu rangar væntingar um áhrif þess að umsagnar er óskað. Ekki eru veittar vísbendingar um áhrif umsagna í greinargerð. Er mælt með því að taka fram í 11. gr. að setja skuli í reglugerð nánari reglur um framkvæmd greinarinnar, þó að vissulega sé almenna reglugerðarheimild að finna í 41. gr. ættleiðingarlaga.

Þá er ástæðulaust að tilgreina aðeins „eldri“ systkini, virkar útilokandi á þann möguleika að leita umsagnar yngra systkinis, standi þannig á. Mælt með því að sleppa hér orðinu „eldri“.



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

Að teknu tilliti til framangreindra athugasemda, yrðu greinar 7. og 11. þannig, breytingar sem hér að framan eru lagðar til eru auðkenndar með gulu:

7. gr. Samþykki þess sem fer með forsjá barns eða sérstaks lögráðamanns.

- Samþykki foreldra sem fara með forsjá barns þarf til ættleiðingar þess.
- Ef högum annars foreldris sem fer með forsjá barns er svo farið að það getur ekki látið uppi marktækt samþykki eða það er horfið nægir samþykki hins. Ef þannig er ástatt um báða foreldra þarf samþykki sérstaklega skipaðs lögráðamanns barns.
- Nú fer barnaverndarnefnd með forsjá barns og þarf þá samþykki nefndarinnar til ættleiðingar þess.
- Veita má leyfi til ættleiðingar, þrátt fyrir að samþykki skv. 1. eða 2. mgr. skorti, ef barn hefur verið í fóstri hjá umsækjendum og hagir þess mæla að öðru leyti eindregið með því að það verði ættleitt.

11. gr. Umsögn foreldris eða nánustu fjölskyldu.

- Leita skal umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns, ef unnt er, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumsóknar.
- Nú er annað foreldri látið eða bæði og skal þá leita umsagnar nánustu fjölskyldu þess foreldris, ef unnt er, enda sé barnið ekki orðið lögráða. Séu báðir foreldrar látnir skal leita umsagnar nánustu fjölskyldna beggja. Með nánustu fjölskyldu er átt við foreldra látna foreldrisins, eldri systkini barnsins, systkini hins látna foreldris og aðra sem geta talist til nánustu ættingja og aðstandenda barnsins.
- Ef forsjáforeldri getur ekki látið uppi marktækt samþykki, eða er horfið, sbr. 2. mgr. 7. gr., eða ekki er unnt að leita umsagnar forsjálauss foreldris samkvæmt 1. mgr., skal leita umsagnar nánustu fjölskyldu samkvæmt 2. mgr.
- Ráðuneytið skal í reglugerð mæla nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar.

Virðingarfyllst,
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Fjölskyldusvið

Eyrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 26. febrúar 2018

Efni: Frumvarp til laga um ættleiðingar (umsagnir nánustu fjölskyldu), 128. mál.

Visað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 13. febrúar sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Með ættleiðingu er leitast við að tryggja barni umönnun og uppeldi hjá fjölskyldu sem getur veitt því góðan aðbúnað. Ættleiðing er jafnframt úrræði sem felur í sér að lagaleg tengsl barnsins við upprunafjölskyldu eru rofin og réttur og skyldur kynforeldra til forsjár, framfærslu og umgengni flytjast yfir til kjörforeldra. Því er ljóst að ættleiðing hefur veigamikil áhrif á líf barns til framtíðar.

Í 3. gr. sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, kemur fram sú mikilvæga meginregla að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang við allar ráðstafanir er varða börn. Auk þess ber aðildarríkjum að tryggja börnum þá vernd og þá umönnun sem velferð þeirra krefst. Þá verður að telja jákvætt að með frumvarpinu sé leitast við að tryggja, að við ákvörðun um fyrirhugaða ættleiðingu barns, sé litið til nánna tengsla þess við aðra ættingja en foreldra.

Í 21. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013 er áréttað að við ættleiðingu sé tryggt að litið sé til þess sem er barninu fyrir bestu. Umboðsmaður telur jákvætt að með frumvarpinu sé leitast við að tryggja, að við ákvörðun um fyrirhugaða ættleiðingu barns, sé litið til nánna tengsla þess við aðra ættingja en foreldra þar sem slík umsögn á þátt í því að varpa ljósi á það hvað sé barninu fyrir bestu. Að mati umboðsmanns barna er slík umsögn í samræmi við þann grundvallarrétt barna að þekkja uppruna sinn. Umboðsmaður leggur þó áherslu á að öll börn eigi rétt á að tjá sig í öllum málum sem þau varða, og ber að taka réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska, sbr. 12. gr. Barnasáttmálans. Afstaða barns til ættleiðingar ætti því að fá aukið vægi, í samræmi við aldur og þroska þess og mikilvægt að barni sé ávallt gefinn kostur á að tjá sig í slíkum málum.

Í frumvarpinu er nánasta fjölskylda foreldris skilgreind með afar víðum hætti. Umboðsmaður barna telur jákvætt að svo sé þar sem barn getur verið í nánnum tengslum við mismunandi aðila

innan fjölskyldu. Þó telur umboðsmaður mikilvægt að öflun umsagnar nánustu fjölskyldu verði þess ekki valdandi að óhóflegar tafir verð á undirbúningi og töku ákvörðunar um ættleiðingu barns.

Virðingarfyllst,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna

Erinindi: Frumvarp vegna ættleiðinga, 128

Undirritaður hefur unnið mikið með fjölskyldur þar sem börn missa annað blóðforeldri, sjúkrahúsprestur í 13 ár. Ég fagna mjög þessu frumvarpi. Ég vil leggja áherslu á mikilvægi þess að vernda upprunatengsl fólk þar sem hægt er, það er hluti af úrvinnslu fólks. Þetta frumvarp styrkir að mínu viti tengsl barnsins við uppruna sinn þar sem leitað er umsagnar upprunafjölskyldu. Virðingarfyllst, Vigfús Bjarni Albertsson, sjúkrahúsprestur.